



ZORRO þráðlaust samtengjanlegur reykskynjari

Best er að hafa alla skynjarana sem tengja á saman, á borði fyrir framan sig.

1. Setjið rafhlöðuna alla skynjarana sem á að tengja saman. Hver skynjari á að gefa frá sér stutt bíphljóð um leið og rafhlaðan nær tengingu. Ef ekki kemur bíphljóð, takið rafhlöðuna úr og endurtakið ferlið.
2. Til þess að þetta virki allt, þá þarf að halda niðri litla hnappinum á bakhliðinni, þessi sem er plús-megin við rafhlöðuna. Þetta er hægt að gera með límbandni eða með því að festa skynjarann í loftfestinguna.
3. Takið fyrsta skynjarann, þrýstið á prufuhnappinn í miðjunni í meira en 5 sekúndur eða þangað til rautt ljós blikkar stöðugt undir prufuhnappinum. Þá er skynjarinn kominn í samtengiham.
4. Takið annan skynjara og endurtakið ferlið. Þá eru þessir tveir báðir í samtengiham. Þrýstið því næst aftur stutt á prufuhnappinn. Við það á rauða ljósið að hætta að blikka á þeim fyrri en sá síðari er enn í tengiham og tilbúinn fyrir næsta skynjara. Endurtakið lið 3 & 4 fyrir þá skynjara sem ætlunin er að tengja saman.
ATH. ferlið má ekki taka meira en eina mínútu því þá fer skynjarinn í viðbragðsham.
5. Til að aftengja skynjara frá kerfinu þarf fyrst að setja hann í tengiham skv. lið 3 og þegar ljósið blikkar stöðugt, þá sleppa prufuhnappinum og ýta strax á hann aftur og halda honum inni þar til skynjarinn gefur frá sér stutt píphljóð og er hann þá aftengdur frá öðrum skynjurum.

Líða þurfa tvær mínútur eftir samtengingu og blikkljós að hafa slökknad, áður en fleira er gert s.s. prófun á virkni.

Prófun er gerð þannig að þrýst er stutt á prufuhnapp á einum skynjara, hann gefur þá frá sér viðvörunarhljóð og aðrir skynjarar sem eru tengdir honum, fara einnig í viðvörunarham örskömmu síðar.

Hámarksfjöldi samtengdra ZORRO skynjara er 24 stk., í hverjum hópi.